

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 15.12.2020

Fundur 10-2020

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar þriðjudaginn 15. desember 2020 kl. 14:00 í Skagabúð.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2021 og 2022-2024 - síðari umræða
2. Umsögn um samþykktir Norðurár bs.- síðari umræða
3. Snjómokstursreglur hjá lögbýlum
4. Málefni Skúlahorns
5. Skipulags- og byggingarmál:
 - a) reglur um stöðuleyfi gáma
 - b) gjaldskrá fyrir byggingarleyfi
6. Fundargerðir og bréf:
 - a) Byggðasamlag um tónlistarskóla 30. nóvember
 - b) Landgræðslan 14.12.20
7. Styrkbeiðnir
8. Vetrarveiði á ref
9. Önnur mál

Afgreiðsla:

1. Fjárhagsáætlun 2021 og 2022-2024 - síðari umræða

Fyrir fundi lá fjárhagsáætlun fyrir 2021 og svo þriggja ára áætlun.

Fjárhagsáætlun Skagabyggðar fyrir árið 2021 rædd og borin undir atkvæði og er samþykkt samhljóða.

Útsvarsprósenta verður 14,52% og fasteignaskattur 0,42% eins og áður var ákveðið. Skatttekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar 92.684.000 kr. og gjöld eru áætluð 101.202.000 kr. Niðurstaða A-hluta er neikvæð um 8.518.000 kr. Niðurstaða A- og B-hluta er neikvæð um 13.689.000 kr.

Í fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir fjármagni til lagningar ljósleiðara en þó með fyrirvara um að styrkur fáiast frá fjarskiptasjóði. Í fjárhagsáætlunum 2022-2023 er gert ráð fyrir framkvæmdum við ljósastaura að lögbýlum.

Fjárhagsáætlanir fyrir 2022-2024 samþykktar samhljóða.

2. Umsögn um samþykktir Norðurár bs. – síðari umræða

Fyrir fundinum lá bréf og samþykktir frá stjórn Norðurá bs er varða breytingar á samþykktum Norðurá bs. Sveitarstjórn fór yfir samþykktirnar, gerir engar athugasemdir og samþykkir þær samhljóða.

3. Snjómokstursreglur hjá lögbýlum

Drög að mokstursreglum kynntar og ákvörðun um útfærslu er frestað til næsta fundar.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 15.12.2020

Fundur 10-2020

4.Málefni Skúlahorns

Skagabyggð á 0,38% hlut í Skúlahorn ehf., kt: 471295-2569. Lagt hefur verið til að félaginu verði slitið um áramót með einföldum slitum. Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir slitin fyrir sitt leiti en þó með fyrirvara um samþykki annarra eignaraðila.

5.Skipulags- og byggingarmál:

-reglur um stöðuleyfi gáma

Drög að reglum kynnt og samþykkt að vísa þeim til byggingar- og skipulagsnefnar til umfjöllunar.

-gjaldskrá fyrir byggingarleyfi

Frá og með 1.janúar 2021 verður innheimt samkvæmt gjaldskrá fyrir skipulags- og byggingarmál sem samþykkt var 2018.

- Þverárfjallsvegur, umsagnarbeiðni.

Fyrir fundinum lá beiðni frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn um lagningu nýs Þverárfjallsvegur um Refasveit og Skagastrandarveg um Laxá. Sveitarfélagið gerir engar athugasemdir við fyrirbyggjandi gögn og veitir jákvæða umsögn um verkefnið.

6.Fundargerðir og bréf:

-Byggðasamlag um tónlistarskóla 30. nóvember, fundargerð og fjárhagsáætlun.

Fundargerð og fjárhagsáætlun lagt fram til kynningar

-Landgræðslan 14.12.20

Bréf lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Skagabyggðar þakkar Landgræðslunni fyrir þann stuðning sem hún hefur sýnt landeigendum í Skagabyggð á liðnu ári.

7.Styrkbeiðnir

-Fyrir fundinum lá styrkbeiðni frá Jólasjóði Hólaneskirkju og Rauðakrossdeildarinnar á Skagaströnd.

Samþykkt að veita 100.000 kr. styrk til verkefnisins.

-Fyrir fundinum lá styrkbeiðni frá Björgunarsveitinni Strönd og u.m.f. Fram vegna flugeldasýningar.

Sveitarstjórn ákveður að veita ekki styrk vegna flugeldasýningar en samþykkir að veita Strönd 50.000 kr. styrk til rekstrar sveitarinnar.

8. Vetrarveiði á ref

Sveitarstjórn samþykkir að veita Vigni Björnssyni leyfi til að stunda vetrarveiði á ref á Hafurstöðum.

Sveitastjórn samþykkir að veita Jóni Helga Sigurgeirssyni leyfi til að stunda vetrarveiði á ref í Ásbúðum.

9.Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 15.12.2020
Fundur 10-2020

Fundi slitið kl. 16:40

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson